

Mál nr. 303/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar S

Koan festi hæl í gangstétt utan við félagsheimili og slasaðist þ. 2.10.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.7.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-10
2. Bréf V dags. 29.7.2011.

Málsatvik.

M segist hafa verið fyrir utan félagsheimili að taka á móti fólki og fest hælinn á skónum sínum í sprungu eða holu/misfellu þar sem gangstéttin var brotin fyrir utan félagsheimilið og varð það til þess að M fell fram fyrir sig og slasaðist. M krefst bóta og telur að slysið megi rekja til vanrækslu S en gangstéttin sem um ræðir sé í eigu S og hafi S umráð, eftirlit og viðhaldsskyldu með gangstéttinni. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að líkamstjón M megi rekja til saknæmrar háttsemi S eða aðila sem S beri ábyrgð á. Þá segir V að bjart hafi verið úti þennan dag og lýsing sé mjög góð. Þá segir V að ekki verði séð hvernig M gat fest hælinn í gangstéttinni þegar fyrirbyggjandi myndir af skónum og gangstéttinni séu skoðaðar. V telur að M hafi ekki sýnt nægjanlega varkárni í umrætt sinn og um óhappatilviljun hafi verið að ræða.

Álit.

Ekki verður ráðið af myndum sem fyrir liggja af gangstéttinni sem um ræðir að hún hættuleg eða varhugaverð fyrir fólk. Þá liggur ekki fyrir hvernig eða hvar M nákvæmlega festi hælinn á skónum sínum í umrætt sinn. Upplýst er að bjart hafi verið auk þess sem lýsing á svæðinu sé góð. Við ofangreindar aðstæður verður ekki séð að gangstéttin sé hættuleg eða kalli á aðgerðir af hálfu S. Ekki er því sýnt fram á að S hafi sýnt af sér bótaskylda háttsemi varðandi tjón M og á M því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 16.8 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.